

Mánudaginn 10. nóvember.

Nr. 23/1913

Hjálmar Þorgilsson

gegn

ráðherra Íslands fyrir hönd  
landssjóðs.

## D ó m u r :

Samkvæmt úrskurði lögregluréttar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 25. nóv. 1911 við sakamálsrannsókn gegn sækjanda þessa máls, Hjálmari Þorgilssyni bónda á Hofi á Hofðaströnd, var hann settur í gæzluvarðhald nefndan dag og honum haldið þar til 22. des. s. ár, er hann var látinn laus. Að rannsókninni lokinni var mál höfðað af réttvísinnar hálfu gegn sækjanda fyrir þjófnað, en því máli lauk með landsyfirréttardómi uppkveðnum 25. nóv. f. á. svo, að sækjandi var sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafé. Með því að sækjandi telur sýnt af dómi þessum, að hann hafi að ófyrirsynju verið frelsi sviftur með nefndum úrskurði, hefir hann höfðað mál þetta fyrir landsyfirdóminum með stefnu, dags. 12. apríl þ. á. samkvæmt lögum nr. 28, 26. október 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs, og fengið sér til þess skipaðan málfærslumann. Hefir hann krafist þess, að sækjanda verði dæmdar úr landssjóði 15,000 kr. í skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju og tjón það alt og hnekki, er hann hafi af því beðið. Svo hefir hann og stefnt héraðsdómaranum Páli V. Bjarnason sýslumanni, en engar kröfur hefir hann gert á hendur honum.

Af stefnda hálfu er þess krafist, að landssjóður verði

algerlega sýknaður í málinu og sækjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati yfirdómsins eins og málið væri eigi gjafsökarmál.

Samkvæmt framangreindum lögum 26. okt. 1893 1. gr. getur sækjandi því að eins átt kröfu til skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, að álíta megí eftir mála-vöxtum, að hann sé saklaus af þeim glæp, er hefir gefið tilefni til þess, að hann var sviftur frelsi, en sýknudómur er í því efni eigi einhlítur, og samkvæmt 2. gr. laganna fellur réttur hans til skaðabóta niður, ef hann hefir með framferði sínu verið þess valdandi, að hann var sviftur frelsi.

Um hið fyrra atriðið hefir eigi í máli því, er nú er fyrir rettinum, verið upplýst nánar eða frekar en prófsgerðir og dómgerðir sakamálsins sýna, atvik eða mála-vextir, er neitt verði ráðið af um sakleysi sækjanda af þeim sökum, er hann var kærður fyrir, og verður því í því efni eigi farið eftir öðru en skýrslum þeim, er komið hafa fram í nefndu sakamáli. Sækjandi var ákærður fyrir þjófnað, og var honum aðallega gefið að sök meðferð hans á 2 lömbum, sem aðrir menn áttu, en hann rak til slátrunar með fé sínu til Hofsóss. Um þetta segir svo í landsyfírréttardómnum 25. nóv. f. á.: »Seint í septembermánuði í fyrrahaust rak ákærði um 50 kindur til Hofsóss til slátrunar; við slátrunina kom það í ljós, að ákærði átti ekki 2 af kindunum, hvítan lambhrút og mórauðan lambhrút, er annar var eign Rögnvaldar Jónssonar, en hinn Páls Erlendssonar. Um lambhrút Rögnvaldar hefir ákærði ekki gefið aðra skýrslu en þá, að hann hafi af vangá eða í misgripum lent í sláturfé sínu, og er hann varð þess var, lét hann kalla Rögnvald til, afhenti honum



afurðir lambsins, sem þá var búið að slátra, og virðast þeir þá hafa samið þetta mál með sér. Af skýrslum málsins verður það eigi séð, hvornig þessi lambhrútur hafi lent í fé ákærða. Með tilliti til hins lambsins, mórauða lambhrútsins, sem reyndist eign Páls Erlendssonar, hefir ákærði haldið því fram, að lamb þetta hafi hann fengið hjá Sveini bónda Sveinssyni í Garðshorni og borg- að verð fyrir, en að hann hafi aldrei athugað eyrnamark á því, en lambið var með marki Páls Erlendssonar. Það er nú og sannað í málinu, að ákærði hafði nokkru áður en hann rak fé til slátrunar keypt «vonina» í mórauðum lambhrút hjá nefndum Sveini Sveinssyni; í fyrstu rétt þar á eftir afhentí síðan Sveinn ákærða mórauðan lambhrút og staðhæfir ákærði, að þetta sé sama lambið og það, er við slátrunina reyndist að vera eign Páls Erlendssonar og bonum var þá afhent. Það er að visu nokkuð ósenni- legt, að ákærði, er tjáist vera fjárglökkur maður, hafi vilst svo á þessum tveim lambhrútum, eins og hér hefir verið frá skýrt, en gegn eindreginni staðfastri neituu hans hefir það eigi orðið sannað, að hann hafi kastað eign sinni á lömóin með vitneskju um, að þau væru lögleg eign ann- ara manna, og verður eigi frekara staðhæft í þessu efni en að meðferð hans á greindum kindum hafi stafað af vangá.

Eftir því sem málsatvikum um þetta kæruatriði á hendur sækjanda hér er lýst, verður eigi álitíð, að þau séu svo vaxin, að neitt álit verði á þeim byggt um það, hvort áminst kindataka sækjanda hafi verið óviljaverk eða eigi, og virðist því eigi vera fyrir hendi málavextir, þeir er lögin gera ráð fyrir, til þess að krafa sækjanda verði tekin til greina. En þó að ekkert væri að þessu leyti því

til fyrirstöðu að dæma sækjanda skaðabætur, þá yrði réttur hans til þeirra að teljast fallinn niður samkvæmt fyrteðu ákvæði í 2. gr. laganna, þar sem sækjandi með því að leggja af stað í ferð til Akureyrar, gegn fyrirmælum dómans um að fara eigi út úr lögsagnarumdæminu meðan á rannsókninni stæði, varð þess sjálfur valdandi, að hann var sviftur frelsi.

Af framangreindum ástæðum verður eigi litið svo á, að krafa sækjanda, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, eigi við lög að styðjast, og ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu. Svo ber og samkvæmt 4. gr. nefndra laga að dæma sækjanda til að greiða honum kostnað málsins, er ákveðst 40 kr.

Málfærsla hins skipaða málaflutningsmanns sækjanda er eigi aðfinsluverð og ber honum 20 kr. í málaflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs á að vera sýkn af kröfu stefnda, Hjálmars Þorgilssonar, í þessu máli. Skipuðum málfærslumanni sækjanda, Gísla Sveinssyni yfirréttamálaflutningsmanni, ber í málaflutningslaun 20 kr. úr landssjóði.

Í málskostnað greiði sækjandi stefnda 40 kr. áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaáðför.